

Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Efni yfirlitsins að þessu sinni er:

1. Falið atvinnuleysi
2. Leiguverð og laun í Evrópu
3. Menntun og jafnrétti
4. Toppi hagsveiflunnar náð

HAGTÖLUR VR	
Meðalheildarlaun VR	563.700 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	6,1%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	4,7%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	1,9%
Fjöldi félagsmanna VR	35.421

1. Falið atvinnuleysi

Í Efnahagsyfirliti VR hefur áður verið fjallað um það sem kalla má falið atvinnuleysi. Falið atvinnuleysi tekur til einstaklinga sem eru án vinnu án þess að teljast atvinnulausir. Það tekur einnig til þeirra sem eru í hlutastarfi en vilja vinna meira. Skilgreiningin á atvinnuleysi á við um fólk sem:

- Er án vinnu
- Vill vinna
- Hefur leitað að vinnu undanfarnar fjórar vikur (þegar könnun á sér stað)
- Getur hafið störf á næstu tveimur vikum (þegar könnun á sér stað)

Þá teljast þeir einnig atvinnulausir í viðmiðunarviku könnunar sem hafa fengið vinnu sem hefst ekki fyrr en eftir tvær vikur.


Það þarf því að uppfylla nokkuð ströng skilyrði til að teljast atvinnulaus. Falið atvinnuleysi er þeir sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði en eru engu að síður atvinnulausir. Falið atvinnuleysi á við um eftirfarandi hópa:

- Fólk sem er tilbúið að vinna en er ekki að leita
- Fólk sem er að leita en er ekki tilbúið að hefja störf innan tveggja vikna
- Fólk sem er í hlutastarfi en vill vinna meira

Mynd 1 sýnir falið atvinnuleysi ásamt atvinnuleysi samkvæmt Hagstofu Íslands. Líkt og myndin sýnir hefur atvinnuleysi lækkað mikið frá hruni og er nú í takt við árin 2006-2007. Sömu sögu er ekki að segja um falið atvinnuleysi. Rétt fyrir hrun 2008 mældist falið atvinnuleysi um 4%. Strax í kjölfar hruns hækkaði falið atvinnuleysi upp í 7% og er enn á þeim slóðum.

Helsta ástæða þess að falið atvinnuleysi hefur ekki lækkað til jafns við skráð atvinnuleysi er mjög mikil


Mynd 1 – Atvinnuleysi og falið atvinnuleysi



aukning í földu atvinnuleysi hjá konum á aldrinum 55 – 74 ára. Þá hefur einnig verið mikil aukning í földu atvinnuleysi meðal karla á sama aldri. Þetta má sjá á mynd 2. Brotalínur sýna mælt atvinnuleysi á meðan heilu línurnar sýna falið atvinnuleysi.

Falið atvinnuleysi hjá konum á aldrinum 55-74 ára er nú um 7% en var að meðaltali 3-4% fyrir hrun. Hjá körlum á sama aldri er falið atvinnuleysi nú um 4% en var að meðaltali um 2% fyrir hrun.

Mynd 2 – Atvinnuleysi og falið atvinnuleysi fyrir aldurshópinn 55- 74 ára



Heimild: Hagstofa Íslands og útreikningar VR

2. Leiguverð og laun í Evrópu

Húsnæðismálin á Íslandi hafa verið í umræðunni undanfarin ár. Leiguverð er hátt og hefur hækkað nokkuð meira en laun. Hér verður kannað hvort staðan á Íslandi sé ólík þeirri sem þekkist í öðrum borgum Evrópu. Síðurnar Numbeo og Expatistan birta m.a. upplýsingar um leiguverð í borgum Evrópu. Þar er hægt að kanna verð í miðbæ eða utan miðbæjar. Einnig er hægt að sjá verð á eins herbergja íbúð og þriggja herbergja íbúð¹. Gögnin sem eru notuð í greiningunni eiga við um höfuðborgir hvers lands. Numbeo birtir einnig meðal útborguð laun í hverri borg.


Myndirnar á næstu síðu sýna hversu hátt hlutfall leiga er af útborguðum launum í höfuðborg hvers lands. Fyrir íbúðir í miðbæ Reykjavíkur er leiga ekki hátt hlutfall af útborguðum launum í samanburði við önnur lönd. Þessi niðurstaða þýðir ekki að leiga sé ekki há, heldur hreinlega að mörg önnur lönd glíma við sama vandamál, þ.e. hátt leiguverði í samanburði við laun.

Hlutfall leigu af launum er örlítið hærri en meðaltalið fyrir íbúðir utan miðbæjar Reykjavíkur. Ísland er þó ekki ofarlega á listanum en þó er athyglisvert að fyrir báðar tegundir íbúða og báðar staðsetningarnar er staðan á Íslandi verri en í Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Ísland er þannig í verri stöðu en þau lönd sem við berum okkur gjarnan saman við. Leiguverð er almennt mjög hátt í miðbæ borga. Miðbær Reykjavíkur hefur tekið nokkrum breytingum undanfarin ár samhliða mikilli aukningu ferðamanna. Það er því líklegt að undanfarin ár hafi Ísland færast nær því sem þekkist erlendis. Verð utan miðbæjar er einnig hátt sem getur einnig verið afleiðing af þróuninni í miðbænum, þ.e. leiga hækkar í miðbæ sem leiðir til verðhækkunar utan miðbæjar með tímanum.

Niðurstaðan er því sú að Ísland sker sig ekki úr hvað varðar hlutfall leigu af útborguðum launum. Staðan á Íslandi er engu að síður nokkuð frábrugðin stöðunni í þeim löndum sem við berum okkur yfirleitt saman við.

¹ Á Numbeo er talað um miðbæ og utan miðbæjar. Á Expatistan er talað um dýrt hverfi eða venjulegt hverfi. Numbeos sýnir 1 herbergja eða 3ja herbergja á meðan Expatistan sýnir 85 fermetra og 45 fermetra.

Mynd 3 – Hlutfall leigu af útborguðum meðallaunum
Höfuðborgir hvers lands




3. Menntun og kynjabilið

Aukin menntun kvenna virðist ekki hafa skilað sér í sterkari stöðu þeirra á vinnumarkaði, að því er lesa má úr nýrri [skýrslu Alþjóðæfnahagsráðsins](#) (WEF, World Economic Forum) um stöðu kynjanna á heimsvísu. Dreigið hefur sundur með körlum og konum á vinnumarkaði á síðustu árum og er nú svo komið að staða kynjanna er svipuð því og hún var árið 2008.

Alþjóðæfnahagsráðið mælir stöðu kynjanna á sviði heilbrigðis, menntunar, efnahagslífs og stjórnmála. Ísland vermir efsta sæti listans. Þátttökulöndin hafa að meðaltali lokað 68% af kynjabilinu þegar litið er til allra þessara fjögurra þátta, enn er því umtalsverður ójöfnuður milli kynjanna. Ísland hefur lokað um 88% af kynjabilinu.

Kynjahallinn er einkum á sviði efnahagsmála, þar sem 58% kynjabilsins hafa verið brúuð að meðaltali (tæplega 80% á Íslandi), og stjórn mála þar sem 23% kynjabilsins hafa verið brúuð að meðaltali (75% á Íslandi sem er eina landið sem nær yfir 60% markið. Miðað er við stöðuna fyrir kosningar 2017). Skýrslan bendir til þess að bakslag hafi orðið í jafnréttisbaráttunni eftir hægán en stöðugán bata síðasta áratug. Nú áætla WEF að það taki eina öld að loka kynjabilinu hjá þeim 106 löndum sem hafa náð inn á lista WEF síðustu ár, sem er um sautján árum lengri tími en fyrir ári. Þetta má að einkum rekja til versnandi stöðu kynjanna á vinnumarkaði og í stjórn málum. Þegar litið er til vinnumarkaðarins áætla WEF að bilið í efnahagslegri stöðu karla og kvenna verði í fyrsta lagi brúað eftir rúmar tvær aldir en dregið hefur sundur með kynjunum jafnt og þétt frá árinu 2013.

Mynd 4 – Námsval kynja á Íslandi og heimsvísu



Heimild: The Global Gender Gap Report, World Economic Forum (WEF) 2017. Hér eru birtar helstu námsgreinar, sem hlutfall af heild.


Þegar litið er til menntunarstigs kynjanna er nánast komið á jafnræði, konur í námi á háskólastigi eru jafnmargar eða fleiri en karlar í meirihluta þátttökupjóða.

Það virðist hins vegar ekki hafa skilað konum samsvarandi efnahagslegum ávinningi. Skýringanna kann að vera að leita í ólíku námsvali, konur leita frekar í greinar á sviði heilbrigðis- og menntamála en karlar í greinar tengdum framleiðni, tækni og samskiptum, eins og sjá má á mynd 4.

Mynd 5 – Störf kynja á heimsvísu

Á vinnumarkaði skilar ólíkt námsval sér í mismunandi dreifingu kynjanna eftir störfum, konur eru t.d. yfir 60% almennra starfsmanna í heilbrigðisgreinum en karlar um 60% starfsmanna á sviði fjármála.

Á mynd má sjá skiptingu kynjanna eftir atvinnugreinum og er miðað við meðaltal þeirra þjóða sem fjallað er um í skýrslu WEF, sjá [nánar hér](#).




Heimild: The Global Gender Gap Report, WEF 2017. Upplýsingarnar eru unnar í samstafi við LinkedIn

4. Toppi hagsveiflunnar náð

Flestir greiningaraðilar hafa nú birt uppfærðar þjóðhagsspár þar sem fram kemur að toppi hagsveiflunnar hafi verið náð. (Sjá skýringu á hagsveiflu í hugtakasafninu aftast í yfirlitinu). En þó toppi hagsveiflunnar sé náð þýðir það ekki að kreppa sé á næsta leyti. Það sem átt er við með að toppi hagsveiflunnar sé náð er að hægja muni á hagvexti, atvinnuleysi hættir að lækka og jafnvel hækka. Þá hægir einnig á styrkingu krónunnar. Líkt og mynd 6 sýnir er ekki búist við því að hagvöxtur verði neikvæður á næstu árum. Spár gera hins vegar ráð fyrir því að hagvöxtur verði minni og minni næstu 2-3 árin.


Mynd 6 – Spár um hagvöxtu næstu ára



Mælaborð Efnahagsyfirlits VR


Kaupmáttarvísitala VR

Meðallaun félagsmanna VR eftir skatt leiðrétt fyrir verðbólgu




Kaupmáttarvísitala Hagstofu Íslands

Vísitalan sýnir tímakaup dagvinnu leiðrétt fyrir verðbólgu




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólgu markmiðs Seðlabanka Íslands




Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun




Væntingavísitala Gallup

Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála



Vinnuskipti félagsmanna VR

Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði. Ekki er hægt að taka tillit til þeirra sem skipta um vinnu og byrja að greiða í annað stéttarfélag.




Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu
Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með
vísitölu neysluverðs án húsnæðis




Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR


Launamunur kynjanna innan VR 2000 - 2017
Annars vegar miðað við greidd iðgjöldu og hins vegar
niðurstöður launakannanna (launak. ekki gerð 2002).



Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna
Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er
ári




Útlán til heimila og fyrirtækja
Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er
tekið tillit til útgefna markaðsskuldabréfa²




Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Veltuvísitölur smásöluverisunar
Vísitölurnar byrja í 100 í janúar 2013



Heimild: Rannsóknarsetur Verslunarinnar

Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan
Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli
kostar



Heimild: Seðlabanki Íslands

² Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrirtækja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)

Hugtakasafn

Ráðstöfunartekjur

Með ráðstöfunartekjum er átt við allar tekjur heimilis hverju nafni sem þær nefnast þ.e. tekjur vegna atvinnu, fjármagnstekjur, bætur ef við á (barnabætur, húsaleigubætur, vaxtabætur o.s.frv.) að frádregnum þeim sköttum og vaxtagjöldum. Ráðstöfunartekjur sýna þannig hversu mikið er eftir í vasanum til að nota í neyslu. Í útreikningum á ráðstöfunartekjum eru vaxtagjöld vegna húsnæðis dregin frá. Engar upplýsingar erum til um leigufjárhæðir fjölskyldna og því ekki hægt að taka tillit til þeirra.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna

Þegar talað er um kaupmátt ráðstöfunartekna þá er búið að leiðrétta fyrir því að einhver verðbólga var á tímabilinu. Tökum dæmi. Ef ráðstöfunartekjur aukast um 6% og verðbólgan er 2%, þá eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna um sem nemur mismuninum eða 4%.

Skammtímavextir

Skammtímavextir eru vextir á lánum til styttri tíma. Skammtímavextir eru þeir vextir sem stýrivextir Seðlabankans hafa áhrif á. Ef Seðlabankinn hækkar vexti þá mun hann hafa áhrif á skammtímavexti en ekki eins á langtímavexti.

Neysluviðmið

Neysluviðmið er m.a. notað í reiknivél á vegum velferðarráðuneytisins sem sýnir neyslu mismunandi fjölskyldugerða eins og hún er mæld í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Neysluviðmiðin eru mæling á útgjöldum heimila við neyslustig sem annars vegar telst dæmigerð neysla og hins vegar grunnneysla. Dæmigert viðmið er ætlað að vera upplýsandi um útgjöld fjölskyldna miðað við hóflega neyslu, þ.e. öll gjöld sem þarf til að reka heimili til langs tíma. Viðmiðin ná ekki til stofnkostnaða heimilis heldur eingöngu til viðhalds og endurnýjunar á heimilisbúnaði, húsgögnum og raftækjum. Grunnvið gefa vísbendingar um hver lágmarksútgjöld geti verið í ákveðnum útgjaldaflokkum til að viðhalda grunnlífskjörum.

Útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands stendur fyrir rannsókn á útgjöldum heimila á Íslandi og eru niðurstöðurnar birtar fyrir þriggja ára tímabil. Nýjasta rannsóknin sem hefur verið birt tekur til árána 2010 – 2012. Endanlegt úrtak þeirrar könnunar er tæplega 4.400 einstaklingar eða um 3.500 heimili.

Hagsveifla

Hagsveiflan lýsir því hvort viðkomandi land sé í uppsveiflu (þ.e. góðæri) eða niðursveiflu (þ.e. kreppu). Lönd sveiflast frá því að ganga vel í að ganga illa. Í uppsveiflu er t.d. atvinnuleysi lágt, hagvöxtur mikill og kaupmáttur einnig mikill. Þá er eignaverð, t.d. hlutabréf og fasteignaverð einnig hátt. Í niðursveiflu er þetta öfugt. Atvinnuleysi er hátt, hagvöxtur lítill eða neikvæður, kaupmáttur minnkar og eignaverð lækkar.

Launamunur kynjanna

VR kannar mun á launum kynjanna innan félagsins í árlegri launakönnun. Munurinn er reiknaður sem munur á launum karla og kvenna sem hlutfall af launum karla. Annars vegar er reiknaður munur á heildarlaunum og hins vegar kynbundinn launamunur sem er sá munur sem er á launum kynjanna að teknu tilliti til áhrifaþátta á laun, þ.e. vinnutíma, aldurs, starfsaldurs, starfsstéttar, atvinnugreinar, menntunar, mannaforráða og vaktavinnu. Eingöngu er miðað við fólk í fullu starfi. Munur á launum kynjanna skv. greiddum iðgjöldum miðar við laun yfir lágmarkslaunum, munur karla og kvenna sem hlutfall af launum karla.